

4I.tbl.

16. nóv. 2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



á  
Breiðumýri

SUNNUDAGINN  
20. NÓVEMBER  
KL. 14:00



## GEGGJAFIR VINNINGAR



Snyrtipinninn



BLACKBOX



INGA ELÍN



NORÐURSIGLING



geosea

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

GEORG JENSEN

ESTABLISHED 1904

BLUE LAGOON  
ICELAND



SPORTHÚSIÐ  
hefur verið fyrir alla  
KÖPVOGUR

KÖKU- OG VÖFFLUSALA

SJOPPA & POSI Á  
STAÐNUM



EITT SPJALD: 1000 KR  
PRÚ SPJÖLD: 2500 KR



### Gufustöðin í Bjarnarflagi

Jarðgufustöð

5 MW

42 GWst/ár

Gufustöðin í Bjarnarflagi er elsta gufuaflstöð landsins, en hún hefur verið í rekstri síðan 1969. Vélbúnaður Gufustöðvarinnar var endurnýjaður árið 2019 þegar gamla hverflinum var skipt út eftir áratuga rekstur, en áður en hann var settur upp í Bjarnarflagi hafði hann verið notaður í sykurverksmiðju í Bretlandi.

Nú stendur yfir undirbúningur að niðurrifi skemmunnar sem stendur á lóðinni sem Kísiliðjan stóð á áður. Stefnt er að því að því verði lokið á seinni hluta ársins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig lóðin verður nýtt til framtíðar en ýmsir möguleikar verða skoðaðir.



### Þeistareykjastöð

Jarðvarmi

90 MW

738 GWst/ár

Þeistareykjastöð er nýjasta jarðvarmastöð Landsvirkjunar, en hún var gangsett í tveimur áföngum 2017 og 2018. Nú er til skoðunar að stækka virkjunina um eina vélasamstæðu, 45 MW. Þegar hefur verið samið við Jarðboranir um að bora tvær rannsóknarholur sumarið 2023 og er undirbúningur hafinn.

Fjöldi farartækja sem farið hafa um Þeistareyki hefur verið mældur frá árinu 2016. Árið 2021 fóru rúmlega 4.000 farartæki um svæðið en gera má ráð fyrir að umferðin muni aukast á komandi árum með tilkomu Þeistareykjavegar syðri sem lokið var við í sumar. Með honum opnast ný leið milli Mývatnssveitar og Húsavíkur um Þeistareyki.



### Laxárstöðvar

Vatnsaflsstöðvar


27,5 MW

173 GWst/ár

Í Laxárstöðvum starfa átta starfsmenn auk stöðvarstjóra, en þær eru reknar í sömu starfseiningu og Blöndustöð. Stöðvarstjóri er Birna Björnsdóttir.

Við ráðum ungmenni í sumarstörf á hverju ári og í ár voru öll níu ungmennin sem störfuðu við Laxárstöðvar búsett í nágrenni stöðvanna í Þingeyjarsveit. Við erum sérstaklega ánægð með að geta veitt ungmenum úr nærsamfélagi sumarstörf.

Þrátt fyrir að Laxárstöðvar séu ekki stórar í megavöttum talið eru þær mikilvægar fyrir samfélagið. Í óvæðrinu sem geisaði í september sl., þegar rafmagn fór af stórum hluta landsins, sannaði Laxá gildi sitt, sló ekki feilpúst og framleiddi rafmagn fyrir sveitirnar í kring.



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

### **Verðskrá:**

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.200– m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.100.–m vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.  
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir s. 8953386

# Fjölskyldumessa og sunnudagaskóli

í Þorgeirskirkju 20. nóvember kl. 14:00



Sr. Hafdís Davíðsdóttir leiðir stundina og Dagný Pétursdóttir  
organisti sér um undirspil.

Í boði verður brúðuleikhús, biblúsaga, gleði og söngvar og svo  
kaffi og djús á eftir.

Verið hjartanlega velkomin að njóta stundarinnar með okkur og  
við hlökkum til að sjá ykkur ☺



## Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs

### Styrkir til lista- og menningarstarfs

Íþróttá og tómsundaneftnd Pingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2022. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Pingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á [sérstökum eyðublöðum](#) sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Pingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða til Óskar á netfangið [okkah@hotmail.com](mailto:okkah@hotmail.com) í síðasta lagi 30.nóv. n.k.

### Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs

Íþróttá og tómsundaneftnd Pingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2022. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Pingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á [sérstökum eyðublöðum](#) sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Pingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða til Óskar á netfangið [okkah@hotmail.com](mailto:okkah@hotmail.com) í síðasta lagi 30.nóv. n.k.

***Ath. minnum styrkþega 2021 á að skila inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.***

***Íþróttá og tómsundaneftnd Pingeyjarsveitar***

# Viðburðaríkur rekstur á Norðausturlandi

Landsvirkjun hefur starfað á Norðausturlandi í tugi ára og rekur fjórar aflstöðvar í Þingeyjarsveit: jarðvarmastöðvar við Kröflu, Þeistareyki og Bjarnarflag og vatnsaflsstöðvar í Laxá.

Við hjá Landsvirkjun leggjum áherslu á að vera góður granni og miðla þekkingu um starfsemi okkar með fjölbreyttum hætti. Þetta kemur m.a. fram í nýrri samfélagsstefnu sem má finna á vef okkar, landsvirkjun.is.

Hér eru nokkrir fréttamolar úr starfseminni að undanförmu.



## Kröflustöð

Jarðgufustöð

60 MW

500 GWst/ár

Rekstur Kröflustöðvar hefur gengið vel það sem af er árinu. Gestastofan var opin sumarið 2022 líkt og undanfarin ár, að undanskildu árinu 2020 þegar var lokað vegna COVID-19. Í sumar heimsóttu gestastofuna nærri 11 þúsund gestir af 47 þjóðernum. Flestir gestanna komu frá Þýskalandi, Bandaríkjunum og Ísrael. Umferðarmælingar sýna að mikil umferð er um svæðið, en alls fóru um Kröfluveg rúmlega 41 þúsund farartæki árið 2021.

Í lok árs 2021 var lokið við að bora niðurdælingarholu sunnan við kæliturn Kröflustöðvar. Holan er 195 m á dýpt og er hún skáboruð til vesturs. Nú standa yfir prófanir á holunni en vonast er til að með tilkomu hennar verði hægt að minnka losun jarðhitavatns á yfirborð í Dallæk.

**Kröflustöð, Þeistareykjastöð og Gufustöðin í Bjarnarflagi** eru reknar sem ein starfseining og eru starfsmenn með starfsstöð á svæðinu 27 talsins, 14 vaktmenn og 13 sem gegna öðrum fjölbreyttum störfum á svæðinu. Stöðvarstjóri á svæðinu er Elvar Magnússon.



## Ljósakrossar í Einarstaðakirkjugarði.

Eins og undanfarin ár verður kveikt á ljósakrossum í Einarstaðakirkjugarði í byrjun aðventu. Krossarnir verða settir á sömu leiði og áður nema óskað verði eftir breytingum.

Æskilegt er að nýjar pantanir berist sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur formaður sóknarnefndar

Póra Fríður Björnsdóttir s. 8953328

Netfang: [thorafriður@gmail.com](mailto:thorafriður@gmail.com)

Sóknarnefnd

## Aðalfundur Félags þingeyskra kúabænda

verður haldinn á Breiðumýri föstudaginn 18.nóvember kl 11.

Hádegismatur verður í boði fyrir fundarmenn

María Svanbrúður mætir og greinir skýrslu um rekstur kúabúa sem er okkar ganglegasta plagg í okkar kjarabaráttu

Venjuleg aðalfundarstörf auk þess að fram fer umræða og atkvæðagreiðsla um hvert framhald FPK verður ( lagt niður, verður að búgreina-deild innan BSSP eða félagið rekið í breyttri mynd)

Kv Stjórnin ,,

## **Félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit**

Fimmtudaginn 28. nóvember kl. 13:00 verður boðið upp fræðslufyrirlesturinn „Þroskaverkefni ellinnar“, en það er klukkutíma fyrirlestur (á mannamáli) um þær áskoranir sem gjarnan fylgja hækkandi aldri, einkum á félagslegu og geðrænu sviði. Fyrirlesari er Sigrún Huld Þorgrímsdóttir sérfræðingur í öldrunarhjúkrun með áherslu á geðheilbrigði. Við vekjum athygli á því að félagsstarfið verður í Skjólbrekku að þessu sinni og eru allir íbúar Þingeyjarsveitar 60 ára og eldri velkomnir.

Hlökkum til að sjá ykkur,  
Hanna Magga (863 3381),  
Svana (898 0463)

## **Laufabrauð – kökubasar - upplestur**

Líkt og undanfarin ár býður Kvenfélag Reykdæla upp á skorið og steikt laufabrauð á 240.00 kr. stk.

Pantanir þurfa að berast í síðasta lagi **fimmtudaginn 24. nóvember** til Grétu í síma 863-7099 eða Höllu í síma 8653378

Laufbrauðið verður afhent á kökubasar sem verður á Breiðumýri 4. desember eða keyrt heim til fólks daginn eftir.

Að loknum basar verður lesið úr nýjum bókum. Kaffi og smákökur.  
Nánar auglýst síðar.

Fjáröflunarnefnd og bókavörður